

Kæri sveitarstjóri.

Nú tökum við hjá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun upp þráðinn og minnum á innleiðingu nýs umsóknar- og umsýslukerfis byggingarleyfa sem hefur verið í þróun hjá HMS frá vorinu 2023. Nú þegar hafa 20 sveitarfélög, með rúmlega 50% íbúafjölda á landsvísu, innleitt viðmótið og vinna við innleiðingu er í gangi hjá þónokkrum, sumir rétt að byrja en aðrir á lokametrunum. Séuð þið ekki í hópi þessara sveitarfélaga bendum við á að ætlunin er að ljúka innleiðingu allra sveitarfélaga fyrir árslok 2026 og viljum við vekja athygli á skipulagi þessarar vinnu hjá ykkar sveitarfélagi tímanlega.

Með nýju umsóknarkerfi fyrir byggingarleyfi allra sveitarfélaga er ætlunin að samræma verklag þvert á sveitarfélög, einfalda og flýta skráningu mannvirkja, skerpa á ábyrgð og auka gæði rauntímaupplýsinga um mannvirkjagerð á Íslandi. Þróunin hefur verið unnin í þéttu samstarfi aðila sem koma að ferlinu, þ.m.t. sveitarfélög, byggingarfulltrúaembætti, byggingaraðila og hönnuði. Með þessari vinnu er lagður grunnur að stórbættri mannvirkjaskrá sem mun halda utan um þau gögn sem varða mannvirki, allt frá hönnun, framkvæmd og notkun mannvirkisins á líftíma þess.

Samræming byggingarleyfisumsókna og afgreiðslu þeirra skilar vandaðri umsóknum þar sem ábyrgð er skýr í ferli umsóknar og afgreiðslu og utanumhald starfsfólks sveitarfélaga á byggingarverkefnum verður skilvirkara og yfirsýn betri. Með viðmótinu er líka skert á hlutverkum kerfa og afgreiðsla byggingarleyfa færð úr málaskrárkerfum, með tilheyrandi þróunar- og rekstrarkostnaði sveitarfélaga, yfir í kerfi og viðmót sem er sérstaklega hannað fyrir afgreiðslu leyfanna.

Sveitarfélögin munu taka á móti byggingarleyfisumsóknum í gegnum <http://byggingarleyfi.hms.is> og hafa aðgang að umsýslukerfi byggingarleyfisumsókna þar sem byggingarfulltrúar hafa aðgang að gögnum umsóknar og uppfært bæði stöðu þeirra og umfang. Áfram verður unnið að þróun viðmótisins og umsýslukerfisins samhliða innleiðingavinnunni.

HMS ber allan kostnað af þróun og rekstri umsóknar- og umsýslukerfisins og veitir ráðgjöf, fræðslu og stuðning til sveitarfélagsins vegna kerfisins. Á meðan stærstur hluti þróunar kerfisins er í vinnslu greiðir HMS þann kostnað sem fellur til vegna rafrænna undirritana en að því loknu mun sá kostnaður deilast hlutfallslega samkvæmt notkun á sveitarfélögin sem geta þá uppfært sína gjaldskrá til leyfisveitinga í samræmi við þann kostnað. Hvert sveitarfélag ber kostnað af tengingu við vefþjónustu byggingarleyfakerfisins við sitt málaskrárkerfi og hugsanlegri aðlögun. Ekki er unnt að áætla hver kostnaður er fyrir hvert sveitarfélag en HMS hefur verið í samstarfi við birgja um að þróa upphaflega tengingu til hagræðis fyrir sveitarfélögin. Nú þegar hefur verið búin til sú vefþjónusta hjá þjónustuaðilum sem nauðsynlegt er að sé til staðar vegna tengingar við málaskrárkerfi sveitarfélagsins. Fyrir liggur því eins konar skapalón sem nýtist til innleiðingarinnar á hagkvæman hátt fyrir sveitarfélagið en sú vinna, kostnaður og samvinna við birgja við tenginguna á milli er á ábyrgð sveitarfélagsins. Undanfari tengingar hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig er að búið sé að setja upp Straum (X-road).

Við munum veita aðstoð og leiðbeiningar í framhaldi þessa erindis en mikilvægt er að sveitarfélögin bregðist við tímanlega þannig hægt sé að skipuleggja innleiðingu með sem skilvirkustum hætti og veita þann stuðning sem þarf til.

Ef þið hafið einhverjar spurningar til mín hvet ég ykkur til að slá á þráðinn en auk þess er hægt að setja sig í samband við mitt fólk hjá HMS.

Með von um áframhaldandi gott samstarf.

Kveðja,

*Hermann Jónasson*

Forstjóri HMS

*Verkefnastjóri verkefnisins er Auður Ævarr Sveinsdóttir / [stafrænbyggingarleyfi@hms.is](mailto:stafrænbyggingarleyfi@hms.is)*